

HM á Jamaica

Áhorfendaskarinn hróp-
aði upp þegar Lindquist
sagði pass við redoblinu

Englendingar unnu Svía nokkuð örugglega í öðrum undanúrslitaleik heimsmeistarakeppninnar á Jamaica. Leikurinn verður sænska spilaranum Fallenius sjálfsgat mjög minnstæður en hann átti þann vafasama heiður að tapa stærstri tölu frá því að byrjað var að spila um Bermudaskálina árið 1952.

Umrætt spil var spilað á öllum átta borðum keppninnar og á sex borðum opnaði suður í fyrstu hönd og missti töluna í flestum tilfellum. Leikur Breta og Svía var spilaður á sýningartöflunni og áhorfendur fengu sannarlega að skemmta sér.

S/ALLIR

	106	
	765	
	AK73	
	A764	
G	AK854	
3	DG102	
G109864	D5	
KD852	103	
	D9732	
	AK984	
	2	
	G9	

Með Bretana Forrester og Arms-trong n-s en Sviana Lindquist og Fallenius a-v gengu sagnir á þessa leið:

Suður	Vestur	Norður	Austur
2 G ¹⁾	pass	3 H ²⁾	pass
pass ³⁾	3 G)	dobl)	pass)
			pass
redobl)	pass	pass)	pass

- 1) Tveir litir, hvorugur lauf. 7-10 p.
- 2) Stoppsoðn ef suður á báða hálitina. Til í framhald ef annar liturinn er tígull.
- 3) Sjálfstjórn, sjálfstjórn.
- 4) Upphafsvillan að mati bridgeskýrenda. Tveggja lita sagnir eiga vel við þegar maður getur búist við að spila sóknina en þær gefa alltof miklar upplýsingar ef andstæðingur verður sagnhafi. Í þessu tilfalli er betra fyrir vestur að spila vörn.

Bridge

Stefán Guðjohnsen

- 5) Forrester aðvarar suður um að láta sig um spilið. Bridge-skýrendurnir hristu alvarlegir höfuðið því doblíð gaf austri möguleika á því að segja pass ef hann hefði ekki áhuga á því að spila láglit.
- 6) Austur notfærir sér doblíð.
- 7) Vestur á að velja litinn. Ungur makker gæti misskilið redoblið og Lindquist var ungur maður þegar spilið byrjaði.
- 8) Lokamistökin. Besta sögn austurs er fjórir laufiglar. Næstbesta er sterkari lágliturinn.

Áhorfendaskarinn hrópaði upp þegar Lindquist sagði pass við redoblinu og fylgdust síðan með blóðbaðinu.

Vörnin var ógeðslega nákvæm. Norður spilaði út hjartafimmi og suður drap tíuna með kóngnum. Síðan kom hjartanía til baka og sagnhafi gaf.

Suður skipti þá í laufaníu í því augnamiði að skera á sambandið við vesturhöndina og geta síðan lagt gosann á tíuna síðar. Vestur lét kónginn og norður gaf klókinda-lega og þar með var vestur inni í fyrsta og síðasta sinn. Bæði suður og vestur voru út úr myndinni í bili.

Vestur spilaði spaðagosa á ásinum og spilaði hjartadrottningu. Suður drap á ásinum og spilaði laufagosa, drottningu og ás. Norður tók nú tvo hæstu í tigli og spilaði síðan spaða-tíu.

Sagnhafi gerði sitt besta með því að gefa en suður drap á drottningu til þess að bjarga norðri frá því að þurfa að spila tigli eða laufi. Hann spilaði blindum síðan inn á hjarta. Sagnhafi gat nú tekið spaðaás en varð síðan að gefa restina. Afraksturinn var fjórir slagir og n-s fengu 2800 að viðbættum 110 frá hinu borðinu þegar Sheehan spilaði þrjá tígla og vann þá.

Það var 21 impi til Englands.

Forsætisráðherra á ráðstefnu um byggðamál á Selfossi:

Andvirði af sölu ríkis-
eigna fari til að efla
atvinnulíf um landið

Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra sagði á fjölmennri ráðstefnu Bygðastofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um byggðamál á Selfossi í gær að til greina kæmi að ríkið notaði andvirði af sölu ríkiseigna, opinberra fyrirtækja eða stofnana, til að efla og auka fjölbreytni atvinnulífs um land allt og þá með því að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki til að leggja fram hlutafé til að treysta starfandi fyrirtæki eða stofna ný í heimabyggð.

Forsætisráðherra sagði að eitt merkasta nýmálið, sem nú væri unnið að á vegum ríkisstjórnarinnar, væri að flytja verkefni, vald og ábyrgð frá ríki til sveitarfélaga, sem væri stórt og mikilvægt skref í átt til aukinnar valddreifingar.

„Hefur byggðastefnan brugðist? Svo er spurt í yfirskrift þessarar ráðstefnu. Svar mitt er þetta:

Bygðastefna sem felur í sér að ausið er af skattfé almennings í framkvæmdir án fjárhagslegrar fyrirhyggju og kröfu um arðsemi, sem felur í sér að viðhalda úreltum framleiðsluháttum, sem felur í sér kyrrstöðu, og sem felur í sér mismunum milli atvinnugreina, er dæmd til að

mistakast,“ sagði Þorsteinn Pálsson á Selfossi. Hann sagði enn fremur:

„Framtíð landsbyggðarinnar felst í að taka mið af framþróun, tækni-væðingu, markaðsskilyrðum og fjárhagslegum afrakstri fjárfestingar. Hún felst í að sækja fram, keppa á markaði, skapa öllum jöfn skilyrði til árangurs en ekki tryggja öllum saman árangur.“

Forsætisráðherra sagði knýjandi að koma á sáttum um stefnu er lyti að búsetu þjóðarinnar í landinu. Stefna ríkisstjórnarinnar miðaði að því markmiði.

Með aukinni framleiðni í hefðbundnum framleiðslugreinum væri lögð sífell meiri áhersla á vörubrúun, úrvinnslu, sölustarf, markaðsmál og þjónustu. Atvinnulífið væri að breytast úr framleiðslu í þjónustu. Tryggja yrði að atvinnulífið á landsbyggðinni fylgdi þessari almennu þróun.

Mikilvægt væri að nýjungar í atvinnustarfsemi á hverjum stað yrðu að frumkvæði og ábyrgð heimamanna. Þá væru meiri líkur á að vel tækist til en ella.

-KMU

Þing Landssambands verslunamanna:

„Óprúttar aðgerðir
ríkisstjórnarinnar“

- sagði Björn Þórhallsson

Gylfi Kristjánsson, DV, Akureyri:

Björn Þórhallsson, formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna, sagði við setningu 16. þings sambandsins á Akureyri í gær að efnahagsþróunin og óprúttar aðgerðir ríkisstjórnarinnar gæfu ekki tilefni til bjartsýni í komandi kjarasamningum. „Það eru óprúttar aðgerðir ríkisstjórnarinnar að hótta aukinni skattheimtu en fresta síðan þeim aðgerðum gegn því að verkalýðshreyfingin sýni hófsemi í kjarasamningum. Við erum óánægð með frammistöðu ríkisstjórnarinnar og hún verður að bæta ráð sitt,“ sagði Björn.

Björn sagði að úrslit alþingiskosninganna síðastliðað voru hefðu ekki orðið til þess að efla vitborið sam-

starf milli stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar. Þórnir verkalýðsins mættu ekki verða til einskis og það þyrfti að veita stjórnvöldum auk-
ið aðhald.

Um komandi kjarasamninga sagði Björn að leggja yrði áherslu á að tryggja þann kaupmátt sem um verður samið. Átak yrði að gera til þess að færa taxta að greiddum launum. Dagvinnulaun yrðu í samræmi við framfærslukostnað og leggja yrði áherslu á að halda verðbólgunni niðri.

„Verkalýðshreyfingin er orðin leið á því að axla byrðarnar einsömul. Nú veldur miklu að samstaða náist í kjarabaráttunni því sundruð verkalýðshreyfing er óskastaða vinnuveitenda,“ sagði Björn Þórhallsson.

Menning

Viðáttumálverk

Sýning Björns Birnis að Kjarvalsstöðum

Björn Birnir er einn af mörgum huldumönnum í íslenski myndlist sem rækta sinn garð í kyrrþey hvernig sem vindarnir blása.

Sem þýðir ekki endilega að þeir hafi misst af bátnum eða koðnað niður heldur kemur það fyrir í öllum listgreinum að menn finna sér þá tækni, það form, þá hugsjón sem á betur við skaphöfn þeirra en allt annað sem þeir hafa fengið við.

Þannig staldraði Petrarka við sonnettuna um margra ára skeið, rétt eins og Della Robbia feðgarnir helguðu sig litríkum leirskulptúr og Schubert sökkti sér niður í gerð sönglaga.


Við erum kannski ekki komin til með að segja að verk þessara listamanna séu eins stórbrotin, lýsandi fyrir samtíð sína og áriðandi fyrir alla tíð eins og verk nokkurra starfsbræðra þeirra sem gerðu sér far bæði um að taka þátt í og móta þá menningarstrauma sem um þá léku hverju sinni, segjum (til að halda tímaröðinni) Dante, Donatello og Beethoven.

En framlag þeirra er mikilvægt engu að síður, bæði fyrir sína eigin sérstæðu verðleika og vegna þess að það skapar mótvægi við nýbylgjurnar, gerir okkur kleift að leggja á þær raunsætt mat.

Tvennt er það aðallega sem virðist hafa valdið straumhvörfum á listferli Björns Birnis, annars vegar menntun hans í skreytilist og skiltagerð, hins vegar námsdöl hans í Guðs eigin landi (aðallega Indiana og Maryland).

Reiknikúnstir

Ekki er fjarri lagi að álykta að hið



Björn Birnir - Hlutamynd, akrýl á striga, 1987.

DV-mynd Brynjar Gauti

fyrirnefnda, svo og nám hans í raunvísindum, hafi mótað afstöðu Björns Birnis til hinnar tæknilegu hliðar myndgerðar. Hér á ég aðallega við þær reiknikúnstir sem hann beitir við samsetningu mynda sinna, dálítið harðneskjulega línuteikninguna og hina sléttu, köldu líti.

Þessi tækni helst svo í hendur við

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

þá myndsyn sem er trúin mín að hann hafi áneftast í Miðvesturríkjum Bandaríkjanna, en sú sýn verður til við nálægð viðáttunnar, „the wide open spaces“, sem jafnt raunseisinnnaðir sem afstraktmálarar þar í landi hafa fengið við að túlka, allt frá þanóramamálurunum á 19. öld til Richards Diebenkorn.

Ég get heldur ekki að því gert, mér

finnst sem svo ólíkir málarar sem Morris Louis og Ellsworth Kelly séu í eðli sínu túlkendur hinna miklu amerísku vídda, þótt alls staðar séu þeir skráðir sem afstraktmálarar.

Björn Birnir er sem sagt eins konar landslagsmálari sem sniður landslagið niður í stílfærðar frumeindir sínar, leitar uppi megináherslur þess og prófar þanþól, uns hann er komin með mátulega spennimagnaðar komposisjónir á strigann.

Þetta reynist honum dálítið erfitt stundum enda bera margar myndir hans vitni miklum endurskoðunum og hugarfarsbreytingum.

Dulinn innileiki

En öfugt við marga þenkjandi málara er Björn Birnir ekkert að fela sinnaskipti sín og mistök heldur gerir þau hluta af útkomunni.

Hins vegar er einnig eins og listamaðurinn sé stundum óviss í sinni sök því í nokkrum myndum gerir hann tilraunir til að tefla saman afskaplega skýrt uppbyggðum formum og frjálslegri pensilskrift.

Sumar síðarnefndu myndirnar opinbera áður dulinn ljóðrænan innileika sem Björn Birnir mætti að óskju gefa oftar lausan tauminn.

Bestu myndir hans á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru sennilega „Af sléttunni“ (nr. 12), „Veggir“ (nr. 17) og „Hlutamynd“ (nr. 24), en allar hafa þær mikla nánd og slagkraft.

Helstu annmarkar á verkum hans er áðurnefnt ofskipulag, sem á stundum dregur úr þeim allt fjór, og náskyldur smíðagalli, norstur við smágerð form sem ekki skipta sköpum fyrir myndirnar.

-ai